



# Rafmagnsveita Reykjavíkur. Bréf til og frá Bjarna Benediktssyni um rafmagnsnotkun o.fl. 1940

---

Bjarni Benediktsson – Rafmagnsveita Reykjavíkur. Bréf til og frá Bjarna Benediktssyni um  
rafmagnsnotkun o.fl. 1940 – Rafmangshitun – Morgunhitun

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-6, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14, Ryder Street,  
LONDON. S. W. 1.

Ref: P.11.

11. júní, 1940.

Gósi vinur,

Eg veit ekki hve langt er komið bollaleggingum ykkar heima um fyrirkomulag starfsins hér í London, en vonandi verður mér fyrirgefið, þótt eg leggi þar orð í belg.

Eins og kunnugt er var það fyrirkomulag valið í febrúarbyrjun, þegar eg var útnefndur viðskiftafulltrúi hér, að eg skyldi á þessum áseins vera fulltrúi viðskiftanefndarinnar, en jafnframt vera til taks fyrir stjórnina að því leyti sem á þyrfti að halda.

Eg var aldrei allskostar ánægður með þetta fyrirkomulag, en mér reyndari og vitrari menn voru þar á öðru máli, og var eðlilegt að þeirra ráðum væri fylgt. Mun eg heldur ekki eyða orðum að því hér, hvað hefði verið réttasta leiðin. Hás viðburðanna hefir valdið breytingum á því fyrirkomulagi, sem í fyrstu var valið, og eg bygg, að nokkurra frekari breytinga sé full þörf sem fyrst.

Það varð að samkomulagi milli brezka og íslenska nefndarhlutans að hinn fyrrnefndi sei nefndinni fyrir skrifstofu hér í London. Þessi húskynni voru tilbúin hinn 1. apríl, í skrifstofubyggingu Charity Commission of London, sem nánast myndi svara til fátakra-fulltrúanna heima. Húsið er á góðum stað og rúmt var um nefndina í fyrstu, því að fátakrafulltrúarnir höfðu farið til Lancashire, þegar ófriðurinn brauzt út. Rétt eftir að við komum þarna, fór þó að lifna í húsinu, því að flotamálaráðuneytið tók kjallerann sem bústað handa sjóliðum, sem óvöldu skamma hrís í London. Og enn litlu síðar

/var

Herra utanríkisráðgjafi  
Stefán Jón. Stefánsson,  
R e y k j a v í k.

var ákveðið, að flugmálaráðuneytið tæki mestalla bygginguna til sinna nota.

Þetta hefði þau áhrif, að flytja varð skrifstofu nefndarinnar í minni og dýrari herbergi en okkur voru úthlutað í upphafi. Settur var vörður við dyrnar, og hver maður, sem komast vill út eða inn, verður að sýna sérstakt vegabréf frá flugmálaráðuneytinu eða skrifa hátfélega umsókn um að mega tala við þann eða þann, og gefa upp nafn sitt, heimilisfang og erindi. Það er óskemmtilegt að þeir, sem koma að hitta sendisveitina, þurfi að fara í gegnum þennan hreinsunareld, en hjá því verður ekki komist meðan við höfum til húsa á sama stað og brekkt ráðuneyti. Vopnaðir varðmenn voru nýlega settir við dyrnar, og nú er verið að girsa húsið með gaddavír.

Eg get ekki neitað því, að eg tel húsakynni nefndarinnar algerlega óviðunandi sem skrifstofu fyrir íslenska sendisveit. Þótt ekki sé ástæða til að berast mikið á, á þessum tímum, verður því ekki leynt, að þessi staður uppfyllir ekki lágmarksskilyrðin.

Eitt fyrsta skilyrðið til þess að staður sé hafur fyrir sendisveitarskrifstofu er það, að hægt sé að sýna þar skjaldarmerki landsins og fána. Hins og um hnútana er búið hér í 14, Ryder Street tel eg frágangssök að sýna þessi ytri merki sendisveitarinnar.

Aðalatriðið í þessu sambandi er þó það, að íslenska sendisveitin getur ekki látið breyku stjórnsins borga fyrir húsnæði sitt. Þetta fyrirkomulag gat oftir atvikum gengið með nefndina, og ekkert við því að segja á þessum óróatímum, þótt eg fengi í nokkrar vikur að reka starfsæmi sendisveitarinnar í nefndarinnar húsakynnum. En til langframa er það fyrirkomulag ótækt, og eg tel meira að segja þörf á að vinna

/bráðan

bráðan bug að því að fá úr því blett.

Þessum ysta ramma um sendisveitina verður að sjálfsögðu að haga nokkuð eftir því, hvernig starfinu sjálfu er fyrir komið. Eg veit ekki, hverjar ráðagerðir ríkisstjórnin hefir í því efni, né hvert hlutverk mér kann að vera þar stlað.

Eina tillögu vil eg þó eindregis bera fram á þessu stigi. Hún er sú, að halda því fyrirkomulagi sem nú er, að hafa sameiginlega skrifstofu fyrir sendisveitina og nefndina. Þessi tvönn störf eru svo samtvinnuð, að ekki verður á milli greint án þess að valda óþægindum og ruglingi.

Ennfremur tel eg það undir þessum kringumstæðum sjálfsagt, að starfsemin verði fyrst og fremst rekin í ríkisstjórnarinnar nafni, þ.e. þannig, að sendifulltrúi stjórnarinnar sé jafnframt fulltrúi viðskiftanefndar, en ekki þannig, að fulltrúi nefndarinnar hafi það aukastarf, að vera fulltrúi ríkisstjórnarinnar. Fyrirkomulagið að þessu leyti er ekki vel ljóst sem stendur, en mér skilst þó að það sé frekar hið síðarnefnda. Eg veit satt að segja ekki hvort eg er launaður af ríkisstjórninni eða nefndinni, síðan eg var útnefndur sendifulltrúi, væri geman að fréttu um það við tækifæri.

Verði það ráð tekið að senda hingað íslenskan sendiherra, er að sjálfsögðu ekki nauðsyn að hann sé sjálfur jafnframt fulltrúi viðskiftanefndarinnar, en viðskifta- fulltrúinn ætti þá að vera meðlimur sendisveitarinnar og skrifstofan sameiginleg. Verði hinsvegar um óákveðin tíma haldið áfram því fyrirkomulagi að hafa eðeins chargé d'affaires a.i., sýnist mér lang eðlilegast að hann sé jafnframt fulltrúi nefndarinnar hér.

Ef gert er ráð fyrir þessu síðarnefnda fyrirkomu-

lagi, mætti og gera ráð fyrir svipuðu starfsmannahaldi og nú er. Sendisveitin þyrfti þá að hafa tvö samleg skrifstofuherbergi og á stað, þar sem hægt væri að sýna skjaldarmerki landsins og fána. Eg hefði að svo komnu ekki athugað kostnaðinn við slíka skrifstofu, en hjá því yrði ekki komist, að hann yrði töluvert hár. Forstjóri Danish Trade Office hér tjáði mér einu sinni, að hann borgaði £500 á ári fyrir skrifstofur með húsgögnum, og þóttist hafa komist að kostakjörum. Hann hafði mjög vistleg húsakynni og nokkru stærri en nauðsynlega þyrfti fyrir skrifstofur íslensku sendisveiternnar, en eg er ekki viss um, hvort viðunandi skrifstofa fengist öllu ódýrara.

Annað ráð er að leigja hús fyrir sendisveitina. Ef sendiherra verður sendur hingað, tel eg einsett að hverfa að því ráði. Verði chargé d'affaires fyrirkomulaginu haldið, tel eg og rétt að athuga, hvort það ráð yrði ekki hagkvæmast. Í Westend er sem stendur fjöldi húsa með húsgögnum til leigu. Sé það ætlunin, að eg heldi áfram að vera sendifulltrúi hér um óákveðinn tíma, tel eg meira en sannilegt, að eg gæti fundið viðunandi hús eða íbúð, þar sem rúm væri fyrir skrifstofur og íbúð fyrir mig og fjölskyldu mína, fyrir ekki öllu meira verð en helstæð yrði fyrir skrifstofurnar einar í góðri skrifstofubýggingu.

Eg bendi ekki á þessa leið í því skyni að reyna að fá stjórnina til að gefa mér nein loforð viðvíkjandi starfi mínu hér. Hinsvegar er það auðsatt, að eigi eg að gera gangskör að því að finna sendisveitinni heppilegri húsakynni, þarf eg helst að vita eitthvað um það, hvornig að þið hugsið ykkur að koma þessu öllu fyrir.

Mér þætti vant um að heyra um þetta allt frá þér eða stjórninni sem allra fyrst, því að eins og eg sagði

/Áður

Éður tel eg núverandi háskynni alveg óviðunandi.

Með bestu kveðjum,

þinn einlægur

(Sign.) Pétur Benediktsson.

P.S.

Hér hefir eftir stvikun þótt rétt að senda viðskiftanefnd afrit af þessu bréfi.

# RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR

REYKJAVÍK MUNICIPAL ELECTR. LIGHT & POWER WORKS

---

P. O. BOX 537 TELEPHONE 1222 (4 lines)

TELEGRAMS: RAFMAGNSVEITAN

---

REYKJAVÍK, 29. apr. 1940  
12 TJARNARGÖTU, ICELAND

Bréf yðar, dags. 19. apríl s.l., um rafmagnstaxta yðar, hefi ég athugað, og vil leyfa mér hér með að koma fram með eftirfarandi skýringu.

Hugmyndin að umræddum taxta kom upp fyrir nokkrum árum, til þess að leysa úr rafmagnsnotkun í skrifstofu einni hér í bæ. Skrifstofa þessi hafði starfað nokkur ár, og notað eingöngu rafmagnslýsingu, en þurfti að fá rafmagnshitun vegna þess að húsið er skrifstofan var í, var aðallega hitað síðari hluta dags, en skrifstofan þurfti hitun að morgni. Varð þá að sáttmála milli húseiganda og leigjanda, að hann fengi rafmagn til morgunhitunar á skrifstofunni á kostnað húseiganda, enda fengi hann hitunarraforkuna með hitunarverði, eftir því sem rafmagnstaxtarnir leyfðu. Nú stóð svo á þarna að ekki var hægt að koma við sérstakri mælingu á hitunarkunni, nema með ærnum tilkostnaði, og til þess að leysa þessi vandræði, var gerð tilraun með sérsamning, þannig að skrifstofan greiddi vissan fjölda kwst með ljósaverði, og var þá miðað við fyrri ljósanotkun og nokkru að auki bæt við, en notkun umfram væri greidd með hitunarverði (nú 4,5 eyr. á kwst). Var fylgst með þessari notkun síðan, og var reynslan af þessari tilhögun góð.

Á síðastliðnu hausti, þegar óttast var um að vandræði kynnu að verða með húsa-hitun hér í bæ, vegna stríðsins, gerðum við hér ýmsar ráðstafanir til þess að vera við því búin að geta tekið við svo mikilli húsa-hitun sem fært væri til bráða-  
birgða, og voru þá búin út eyðublöð fyrir sérsamninga um hitunarnotkun um ljósmæla, þar sem hægt væri að láta slíka samninga, en sökum gildandi taxta varð að binda slíka samninga

Því skilyrði að ekki gæti verið um suðunotkun að ræða. Þetta skilyrði varð því til þess að útiloka flest heimili, svo að taxtann mátti skoða nothæfan í skrifstofum aðeins. Nú leið veturinn svo að ekki gerðist þörf sérstakra ráðstafana vegna hitunarinnar, og var því taxa þessum lítt á lofti haldið. Sem stendur eru 4 skrifstofur sem nota hann með góðum árangri, og nokkrir einhleypingar í íbúðum þar sem suða kemur ekki til greina. Um nokkra þeirra hefir verið sett það viðbótar-akvæði, að Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til að ákveða eftir á ljósanotkun vetrarins, út frá fyrri ljósanotkun og heildarnotkun.

Þegar þér, herra prófessor, komuð til mín í haust, til þess að ráðgast um möguleika á rafmagnshitun, benti ég á þennan taxa, og tók fegins hendi þessu tækifæri, er ég þóttist fá til að reyna taxtann. Það er því ekki rétt ef því er haldið fram, að þér hafið beðið um þennan taxa sérstaklega, og samkvæmt framansögðu heldur eigi rétt að þetta sé sértaxti yðar vegna.

Um hina hlið málsins, að innheimtumenn Rafmagnsveitunnar skuli segja taxa þennan gerðan yðar vegna, á ég ekki nein orð til að lýsa hversu leitt mér þykir það, og óafsakanlegt með öllu. Því bæði er þetta rangt, og svo þótt rétt væri, er það ósæmilegt af innheimtumönnum Rafmagnsveitunnar að gera notendum getsakir, fara með fleypur um viðskifti notenda, hvort heldur er um notkun þeirra, reikningsviðskifti eða annað er varðar hag stofnunarinnar, er þeir vinna við, en öll þessi viðskifti eru grundvöllur undir hag hennar. Allar misfellur er þeir þykjast verða varir við, eiga þeir auðvitað að bera upp við gjaldkera eða undirritaðann, með það fyrir augum að fá úr bætt. Eg hef beðið gjaldkera að grennslast nánar eftir þessu hjá innheimtumönnum, en þar sem það hefir ekki orðið uppvíst hver valdur hefir verið að þessu, hefi ég ekki önnur ráð sem stendur, en að láta taka afrit af þessu bréfi, og senda þeim, hverjum og einum, í þeirri von að þeir athugi það, og um leið vil ég, fyrir hönd Rafmagnsveitunnar, biðja yður afsökunar á því að þetta skuli hafa komið fyrir.

Virðingarfyllst

*Steinþór Jónsson*

Til Bjarna Benediktssonar, próf. jur.

Laug. 66.



Reykjavík, 15 apríl 1940.

Á s.l. hausti átti ég tal við yður, hr. rafmagnsstjóri, um það, með hverjum hætti mundi verða viðuráðanlegast að hita íbúð mína í viðlögum með rafmagni. Í framhaldi af þessu samtali og eftir að hr. Nikulás Griðriksson hafði hringt mig upp út af málinu, fékk ég síðan bréf frá rafmagnsveitunni undirritað af Nikulási Friðriksyni, þar sem mér er tilkynnt, að víst magn af raforku muni verða reiknað mér með ljósaverði, en það, sem þar er fram yfir, á ~~4~~ 4 1/2 eyri á kwh. Bréf þetta er skrifað á prentað eyðublað og einungis fyllt út raforkumagnið, ljósaverðið, nafn mitt, heimili, mælisnúmer og samningstími. Hugði ég því ekkert athugavert við þennan samning, og hélt, að hann hefði verið gerður við fleiri. En nú nýlega var mér sagt af skilríkum manni, að innheimtumenn rafmagnsveitunnar töluðu út um bæ um "texta Bjarna Benediktssonar" á þann veg, að mér hafi verið veitt hlunnindi, sem engum öðrum hafi verið veitt. Fram á slíkt hef ég aldrei farið, enda mundi það sízt eiga við ~~eið~~ um einn af ~~helstu~~ stjórnarmönnum rafmagnsveitunnar. Vil ég því spyrjast fyrir um, hvort hér sé um einstök hlunnindi að ræða, og ef/<sup>svo</sup> er, þá afsala ég mér þeim hér með, og óska, að notkun mín verði reiknuð eftir venjulegum aðferðum, einnig sú, sem þegar hefur átt sér stað.

Virðingarfyllt

Til rafmagnsstjóra.

Rafmagnsveita Reykjavíkur

Herra prófessor Bjarni Benediktsson,

Laugaveg 66.

Vér höfum meðtekið beiðni yðar um upphitun með raforku um  
1 mæli, sem er nr. 9846 og veitum vér yður hér með  
leyfi það, með eftirfarandi skilyrðum.

Vér munum reikna yður eftirfarandi tölu kwh. á 44 aur.  
verð á kwh.:

Október	8	kwh.	Febrúar	12	kwh.
Nóvember	13	"	Marz	8	"
Desember	13	"	Apríl	8	"
Janúar	16	"	Mai	5	"

Það sem er fram yfir þessa tölu kwh., reiknum vér yður á 4½  
eyrir á kwh.

Þetta fyrirkomulag gildir fyrir tímabilið frá október 1939  
til maí 1940.

Eigi er leyfilegt að nota suðuvél um mælinn, og hitunarofna  
skal ekki nota frá kl. 11 f. m. til 12. Ennfremur gilda almenn á-  
kvæði reglugerðar Rafmagnsveitu Reykjavíkur og gjaldskrár.

Reykjavík, 3. okt. 19 39

pr. Rafmagnsveita Reykjavíkur

